

Ed.

268. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (þingskj. 90).

Frá allsherjarnefnd.

Þar sem vænta má, að lögín um skipun læknishjeraða verði nauðsynlegt áður en langt liður að endurskoða í heild sinni, og þar sem háttv. neðri deild hefir nú vísað frá að þessu sinni tveim samskonar málum, þykir nefndinni rétt að láta einnig þetta mál biða, og ræður til að í því sje samþykkt svo látandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að stjórnin svo fljótt sem unt er taki skipun læknishjeraða til gagngerðrar endurskoðunar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. ág. 1917.

Magnús Torfason,
form.

Kristinn Daníelsson,
ritari.

H. Hafstein.